

Forsætisnefnd

***Breyting á fundadagatali borgarstjórnar 2017-2018, sameiginlegur borgarstjórnarfundur með ofbeldisvarnarnefnd***

Á fundi forsætisnefndar þann 30. ágúst sl. samþykkti nefndin fundadagatal borgarstjórnar þ.m.t. tímasetningar opinna funda borgarstjórnar með öldungaráði, fjölmeningarráði, ofbeldisvarnarnefnd og Reykjavíkurráði ungmenna. Var viðkomandi ráðum tilkynnt um þær tímasetningar með bréfi. Fundadagatalið hefur síðan tekið breytingum þar sem boðað var til Alþingiskosninga með skömmum fyrirvara í októbermánuði 2017 og er nú gert ráð fyrir því að borgarstjórn fundi með fjölmeningarráði þann 13. mars nk.

Í samræmi við samþykkt fundadagatal hefur verið boðað til sameiginlegs fundar með ofbeldisvarnarnefnd þann 30. janúar nk. Nú hefur formaður ofbeldisvarnarnefndar óskað eftir því að þeirri tímasetningu verði breytt á þann hátt að sameiginlegur fundur verði haldinn í mars eða apríl. Ef ætlunin er að miða við að fundurinn verði haldinn á þriðjudegi, er lagt til að forsætisnefnd samþykki að halda hann þann þann 13. mars nk. en flytja fund með fjölmeningarráði til 30. janúar nk.

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar